

Flutt kr. 1748675.65 **39**

1. febr.

11. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:

Óviss útgjöld -- 194641.78

12. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 24. gr. er veitt:

C. Þingsályktanir -- 73894.33

Samtals kr. 2017211.76

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 1. febrúar 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.***ÓPIÐ BRÉF****40**

25. jan.

sem stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar laugardaginn 15. febr. 1936.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,*Gjörum kunnugt:* Að Vér samkvæmt stjórnarskrá konungsríkisins Íslands 18. maí 1920, allramildilegast höfum ákveðið að láta Alþingi koma saman til reglulegs fundar laugardaginn 15. febrúar 1936.

Um leið og Vér birtum þetta, bjóðum Vér öllum þeim, er setu eiga á Alþingi, að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá sett Alþingi eftir að guðsþjónustugjörð hefir farið fram í dómkirkjunni.

Gjört á Amaliuborg, 25. janúar 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.